

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1998

XVI

## SKIPSVIÐIR ÚR BÚÐAÓSI

Björn Stefánsson



FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 1998

*Mynd á forsíðu: skipaviður, band T-4. (Ljósm. B.S).*

© Þjóðminjasafn Íslands/Björn Stefánsson.  
Öll réttindi áskilin  
(Lokafrágangur á skýrslu 2007, Guðmundur Ólafsson)

## SKIPSVIÐIR ÚR BÚÐAÓSI

### Inngangur

Þann 8/9 1998 barst erindi til fornleifadeildar frá Gunnari Haukssyni hjá RARIK í Ólafsvík, þess efnis að við lagningu jarðstrengs yfir Búðaós á Snæfellsnesi hefði grafa RARIK-manna mokað upp viðum sem greinilega voru úr gömlu skipi. Þrátt fyrir það virðist greftri hafa verið haldið áfram og lokið vestan megin við ósinn, en Þjóðminjasafni þó tilkynnt um fundinn. Guðmundur Ólafsson sem veitti erindinu viðtöku “bað um að timbrið yrði fært ofar í fjöruna svo að það færi ekki á dreif þegar flæðir að”.

Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður Minjasafns Snæfellsness og Hnappadalssýslu, fór á staðinn og kannaði fyrst aðstæður fyrir Þjóðminjasafnið. Björn Stefánsson var daginn eftir beðinn að sinna þessu erindi og fór undirritaður daginn eftir (þann 10/9) vestur á Snæfellsnes, ásamt Derrick Watson fornleifafræðingi.



*Mynd 1. Búðir (“flakið” er í sandfjöru neðan rafmagnsstaur)*

## Vettvangsferð

Starfsfólk gistihússins á Búðum sýndi okkur viðina sem dregnir höfðu verið upp að klettum vestan óssins rétt neðan við gistihúsið.

Í fjöruborðinu (á háfjöru) lá auk þess allstór grjóthrúga sem líklegast er úr kjölfestu skips ásamt talsverðu spýtnabraki, sem benti til að farið hefði verið ómjúkum höndum um skipsflakið þegar RARIK-menn grófu þarna. Vegna þess magns sem þarna var af viði og grjóti, auk múrsteinsbrota af ýmsu tagi, ákvað ég að taka aðeins sýnishorn, sem gætu gefið til kynna hversu gamalt og mögulega hvaðan þetta skip hefur verið. Þó verður að taka fram að vegna þess hvernig staðið var að “uppgreftri” þessum er erfitt að fullyrða að viðir og steinar úr kjölfestu eigi saman. Á stað sem Búðum, þar sem verslun hefur verið rekin um aldir, er líklegt að oft hafi kjölfestu og öðru verið fleygt í fjöruna.



Mynd 2. Skipaviðir í fjörunni við Búðaás.

Eftirfarandi fundir voru fluttir á Þjóðminjasafn:

1. Band úr eik 140 cm að lengd (merkt T-1 á teikningu)
2. Band úr eik 170 cm að lengd (merkt T-2 á teikningu)
3. Band úr eik 130 cm að lengd (merkt T-3 á teikningu)
4. Band úr eik 230 cm að lengd (merkt T-4 á teikningu)
5. Byrðingsbútur, 160 cm að lengd (merktur T-5 á teikningu)
6. Ýmis múrsteinsbrot
7. Ljósgulur steinn, gneis
8. Ljósgrágrænn steinn, flöguberg
9. Grár steinn, feldspat?

Afganginn af viðunum gróf ég aftur niður fyrir flæðarmál, þar sem ég taldi þá best geymda um sinn.



## Niðurstaða

Viðirnir eru nú (þann 12/10 1998) á Þjóðminjasafni Íslands, þar sem þeir bíða forvörslu. Þeir hafa verið ljósmyndaðir og teiknaðir (sjá meðfylgjandi teikningu).

Steinar úr kjölfestu voru sendir til Sveins Jakobssonar á Náttúrufræðistofnun til athugunar sem hann framkvæmdi fljótt og safninu að kostnaðarlausu (sbr. meðfylgjandi bréf).

Múrsteinar ásamt öðrum byggingarefnum úr leir eru að öllum líkindum úr “tígulsteinshúsi” sem reist var á Búðum um 1800 (sbr. Árbók Ferðafél. Ísl. 1982, bls. 56).

Um uppruna skipsins er enn ekkert vitað. Þó er getið í annálum skipa, sem gætu hafa strandað við Búðir. Árin 1671 og 1645 er getið um kaupskip sem “brotnuðu vestra á höfninni” (sjá Annála 1400-1800). Það skal tekið fram að orðalag annála er oft á tíðum mjög óljóst. Það var í þessu tilfelli erfitt að sjá hvort þessi tvö skip urðu eftir í ósnum eða náðust á flot aftur. Öruggeri upplýsingar finnast um skútu frá Bjarna Sívertsen, sem strandaði við Búðir: “1812 hrepptu fiskiskútur á Faxaflóa þann ofsastorm af suðri, að tvær úr Hafnarfirði, eign Bjarna riddara og Sigurðar sonar hans, rak inn undir Búðarós undir Jökli og lentu þar á sandrifi, önnur komst óskemmd aftur á flot, en hin brotnaði öll neðan, komst þó loks inn í ósinn til aðgerðar.” (Annáll nítjándu aldar bls. 266). Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort senda skuli fyrirspurnir um viði þessa til sjóminjasafna erlendis.

Ljóst er að lítið sem ekkert eftirlit er haft með “heimtaugagreftri” hjá RARIK. Er það miður, því oft er grafið á bæjarstæðum þar sem minja er að vænta og eftirlits væri þörf.

Viðaukar:


1. Kort af fundarstað
2. Teikningar af viðarbútum.
3. Bréf Sveins Jakobssonar um greiningu á þremur steinum.

Viðauki 1. Kort af fundarstað.



Mynd 3. Rauður hringur sýnir fundarstað á skipsviðum við Búðaós.

## Viðauki 2. Teikningar af skipsviðum.



Mynd 4. Teikningar af skipaviðum. Teikningin er smækkuð niður um helming.  
(Teikn. Björn Stefánsson).

### **Viðauki 3. Greining á þremur steinum.**

Þrjár steinar úr fjöru við Búðir, Snæfellsnesi, líklega ballast.

1. Ljós gulur steinn, 13 \* 9,5 \* 7 sm  
: Gneis, porfýróblastar af feldspati. Ísnúið.
2. Ljósgrágrænn steinn, 31 \* 16 \* 7,5 sm  
: Skífa, aðeins felld. Nokkuð núin.
3. Grár steinn 22 \* 13 \* 10 sm  
: Feldspat (?), alsett smáum málmkristöllum. Ónúið.

Þetta eru aðfluttir steinar, þeir gætu m.a. verið frá Noregi, Bretlandseyjum eða Grænlandi. Ekkert hægt að segja neitt nánar um uppruna þeirra.

Svein Jakobsson  
23. sept. 1998.